

Nd.

223. Frumvarp

til laga um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Til konungs og konungsættar skal greiða af ríkisfje 60000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1919.

Greinargerð.

Samkvæmt 5. gr. dansk-íslenskra sambandslaga ber að setja ákvæði um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar. Því hefir nefndin borið frv. þetta fram, meðfram eftir ósk stjórnarinnar.